



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 138/3120
komudagur 14.9.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	12. ágúst 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar, dags. 8. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda o.fl. (kyrrsetning eigna), 693. mál.

Svo sem frá er greint í athugasemdum við frumvarpið þá felur það í sér að kyrrsetning eigna verði heimiluð vegna brota á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Sambærilega heimild er nú að finna í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 en skv. dómi Hæstaréttar frá 21. júní sl. taldi rétturinn almenna tilvísun virðisaukaskattslaga til tekjuskattslaga ekki duga sem heimild til að kyrrsetja eignir vegna brota gegn virðisaukaskattslögum. Frumvarpinu er ætlað að bæta hér úr en heimildinni er ætlað að bregðast við hættu á undanskoti eigna á meðan rannsókn stendur yfir á meintum brotum gegn ofangreindum lögum.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Frumvarpið
Linnu Ögm.